



Ársskýrsla 2016-2017

Bjórk, fimleikafélag

29. ágúst 2017



RioTintoAlcan
ISAL-STRAUMSVÍK

Aðalstjórn

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. apríl 2016 og voru kjörin í stjórn:

- Ingvar Kristinsson formaður,
 - Guðrún Björk Bjarnadóttir í stjórn til tveggja ára,
 - Fyrir í stjórn var Kristinn Arason og sat áfram til eins árs
- Að auki voru kjörnir fulltrúar deilda þau; Snorri Sigurðsson, Guðrún Bjarnadóttir, Páll Ólafsson og Sigríður Hafþórsdóttir og Hafsteinn Þórðarson.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Kristinn var varaformaður og Guðrún Björk ritari. Stjórnin hélt 4 bókaða fundi á tímabilinu einn í hverjum ársfjórðungi.

Öllum sem hafa lagt félaginu lið á síðasta starfsári er þakkað mikið og óeigingjarnt starf. Það er vandséð hvernig unnt væri að reka félag eins og Fimleikafélagið Björk án þess mikla sjálfbóðaliðsstarfs sem margir leggja á sig í þágu félagsins.

Liðið starfsár hefur um margt einkennst af stöðugleika og góðum íþróttalegum árangri allra deilda eins og glögglega kemur fram í skýrslum deildanna. Enginn stór verkefni voru á dagskrá aðalstjórnar að þessu sinni.

Á aðalfundi 2016 var í fyrsta skiptið í sögu félagsins kjörin löggiltur endurskoðandi að reikningum félagsins. Það var m.a. gert til að koma endurskoðun og framsetningu reikninga í það form sem helst þekktist í dag. Eins var árið 2016 fyrsta árið þar sem allar viðskiptamannafærslur á iðkendur og hópaskipulag voru eingöngu í NÓRA. Frágangur ársreikninga vegna þessa tafðist því miður fram undir sumar. Ekki var talið rétt að halda aðalfund í upphafi sumars því ákvað aðalstjórn að fresta aðalfundi fram til loka ágúst að þessu sinni.

Mikilvægt er að halda sig við þá tímafresti sem settir eru í lögum félagsins, þ.e. að aðalfundur verði haldinn fyrir 15. apríl ár hvert. Það helgast m.a. af því að helstu tímafrestir um skil á gögnum innan íþróttahreyfingarinnar miðast við þá dagsetningu.

Félagadeildin skipulagið og stóð að veglegum afmælisfagnaði á 65 ára afmæli félagsins 1. júlí 2016. Við þau tímamót afhent deildin félaginu að gjöf mynd af öllum formönnum félagsins frá upphafi og hengdi upp í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar Björk. Eins var vegspjöldum af Þorgerði M. Gísladóttur og Hlín Árnadóttur komið snyrtilega fyrir í anddyrinu. Þá var veglegt merki félagsins hengt uppá gافل fimleikasalarins að utanverðu. Á afmælisdaginn voru þær Þorgerður og Hlín gerðar að fyrstu heiðursfélögum Björk. Félagadeildinni er enn og aftur þakkað kærlega fyrir þessa gjöf til félagsins.



Í árslok 2016 var fimleikafélaginu Björk veittur ÍSÍ bikarinn fyrir markvisst og vel skipulagt barna og unglíngastarf. Þar eiga þær Guðrún Bjarnadóttir, Ragnheiður Hjaltalín og Sjöfn Jónsdóttir heiðurinn af því starfi og er þeim þakkað fyrir sitt framlag til félagsins á liðnum árum.

Aðstaðan sem félaginu er mörkuð í íþróttamiðstöðinni Björk reynir mikið á samstarf allra aðila bæði innan deild, milli deilda og ekki síður við Dansíþróttafélagið sem deilir aðstöðunni í Andrasal með Björk. Uppúr næstu áramótum hverfa loks allar boltaíþróttir úr íþróttamiðstöðinni Björk þegar Haukar taka í notkun nýjan íþróttasal á Ásvöllum í upphafi árs 2018. Þá verða tímamót í íþróttasögu Hafnarfjarðar því Andrasalur varð til sem íþróttasalur þegar Haukar breyttu gömlu fiskverkunarhúsi í íþróttasal og byggðu við það búningastöðu og síðar félagsaðstöðu. Íþróttasalurinn var tekinn í notkun sem boltasalur í ársbyrjun 1977. Nú 41 ári síðar hefur hann lokið því hlutverki og við tekur tímabil án boltagreina.

Björk þarf að huga að frekari uppvexti félagsins og móta sér áherslur í þeim efnum. Hafnarfjörður er að stækka og félagið þarf að vera í stakk búið til að mæta fjölgun íbúa á næstu árum. Í vor var samþykkt á þingi ÍBH tillaga frá Björk um að hefja undirbúning að uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir Björk. Ný stjórn þarf að fylgja þessari tillögu eftir og koma vinnu af stað í samræmi við ályktun þingsins.

Megin verkefni aðalstjórnar á starfsárinu voru:

1. Samskipti við Hafnarfjarðarbæ vegna nýrra samninga og vegna viðhalds og endurnýjunar áhalda og annars búnaðar
2. Fylgjast með rekstri félagsins
3. Stuðningur við afreksfólk Björk

Viðhald og endurnýjun búnaðar hjá félaginu er og verður áfram eitt mikilvægast verkefni aðalstjórnar. Þetta er dýr búnaður sem slitnar við notkun og eins koma fram nýjungar við þróun íþróttagreina. Sum áhöldin og annar búnaður í fimleikasalnum er komin á tíma fyrir endurnýjun og er þar nú fremst á lista endurnýjun á öllum lendingardýnum.

Rekstur félagsins á síðasta ári gekk vel eins og sést í ársreikningunum. Stöðugt þarf að vakta reksturinn því lítið má útaf bregða svo ekki fari á verri veg. Launa- og þjálfunarkostnaður þarf að halda í við æfingagjöld og má ekki fara útaf sporinu með það. Laun hjá félaginu hafa hækkað nokkuð í kjölfar samninga á almennum vinnumarkaði. Þjálfarar og starfsmenn Björk taka ekki laun samkvæmt kjarasamningum en miðað er við að laun þeirra breytist í megin atriðum í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Gjöld til Fimleikasambandsins hækka verulega á milli ára 2015 og 2016. Rétt rúmlega tvöfaldast. Þessi gjöld eiga m.a. að standa undir tryggingum á iðkendum í fimleikahreyfingunni og kostnaði vegna landsliðsþjálfara. Fimleikasambandið er einnig farið að reikna kostnað vegna afnota af húsnæðis fyrir mótahald á sínum vegum. Björk færir reikninginn sem tekjur af húsnæði og styrk á móti til FSÍ.

NORA kerfið til félagaskráningar og innheimtu æfingagjalda er komið til að vera og hefur reynst vel. NORA er notað til að halda utan um alla iðkendur í íþróttastarfi hjá Hafnarfjarðabæ og er notað af Hafnarfjarðarbæ til að halda utan um niðurgreiðslurnar. Iðkandatölur eru teknar úr því kerfi fyrir skýrslugerð til ÍSÍ og Hafnarfjarðabæjar. ÍSÍ tók síðast liðið vor í notkun nýja uppfærslu af féлага- og skráningarkerfi sínu (Felix) þar sem tengingar við NORA eiga að verða enn betri. Því miður tókst sú innleiðing alls ekki nógu vel og kom glögg fram á þingi í ÍSÍ síðast liðið vor miðkil óánægja með þessa nýju útgáfu af Felix. Vandræðagangur við uppfærslu varð m.a. til þess að fresta þurfti skilum á skýrslum til ÍSÍ um meira en einn mánuð. Enn er kerfið ekki nýtilegt til að taka út úr því réttar upplýsingar um fjölda iðkenda.

Mótaður hefur verið rammi fyrir stuðning við afreksíþróttafólk félagsins með niðurfellingu æfingagjalda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Áfram þarf að þróa þennan stuðning í samræmi við

getu félagsins og þann stuðning sem afreksmannasjóður ÍBH veitir.

Starfsfólk

Kristín Hálfdanardóttir og Ragnheiður Hjaltalín störfuðu á skrifstofu félagsins á síðasta ári. Þær skiptu með sér verkefnum skrifstofunnar, bókhaldi og fjármálaumsýslu. Kristín sér um ráðningu á öllum þjálfurum og öðru starfsfólki félagsins, almennum starfsmannamálum sem og skipulagi og umsjón með starfsemi félagsins og var framkvæmdastjóri félagsins. Ragnheiður sá um greiðslu reikninga, skipulag mótahalds og almennri hópumsjón hún er jafnframt þjálfari í fimleikadeild með umsjón á ponsu- og pæjuhópum.

Í lok maí ákvað Kristín að segja upp störfum hjá Björk og taka við nýju starfi afreksstjóra hjá Fimleiksambandinu. Aðalstjórn hefði gjarnan viljað njóta starfskrafta hennar lengur hjá félaginu, en samgleðjumst henni með nýtt starf og óskum henni velfarnarða í því starfi og um leið þökkum við henni fyrir störf sín hjá félaginu. Við starfi hennar tekur Sigurður Bjarnason sem hefur verið þjálfari hjá félaginu og verið með umsjón með strákahópum á síðasta ári. Við bjóðum hann velkominn til starfa.

Þjálfarar félagsins í hálfu starfi eða meira veturinn 2016-2017 voru þau:

Sjöfn Jónsdóttir – þjálfari klifurdeild

Jóhannes Níels Sigurðsson – þjálfari fimleikum stúlkna

Gennadiy Zadorozhnyy – þjálfari fimleikum stúlkna

Guðmundur Brynjólfsson – þjálfari fimleikum stúlkna

Alexandra Chelbea – þjálfari fimleika stúlkna

Catalin Chelbea – þjálfari fimleika stúlkna

Andrea Németh – þjálfari fimleikum stúlkna og sýningardans

Vladimir Zaitsev – þjálfari fimleikum stráka

Hildur Ketilsdóttir – þjálfari fimleikum stúlkna

Aðrir þjálfarar voru tímaráðnir. Eftirtaldir voru með sérstakt hlutverk:

Guðrún Bjarnadóttir – umsjón leikskólahópar og forskólahópar

Mateusz Jonczyk - umsjón Parkour

Ragnheiður Hjaltalín – umsjón ponsu- og pæjuhópa

Sigurður Bjarnason – umsjón fimleika pilta

Brynhildur Hlín Eggertsdóttir – umsjón hóp fimleika

Björn Þorleifsson – yfirþjálfari TKD

Fanney – umsjón sumarnámskeiða

Í heild eru rúmlega 30 þjálfarar og leiðbeinendur hjá félaginu.

Félagið hvetur alla þjálfara sem starfa hjá félaginu til að bæta við þekkingu sína með því að sækja námskeið. Félagið gerir það m.a. með því að greiða ½ námskeiðsgjalda. Algengustu námskeiðin sem þjálfarar okkar sækja eru 1.-3. stigs þjálfaranámskeið sem haldin eru af ÍSÍ og A, B og C stigs námskeið sem haldin eru af Fimleikasambandi Íslands (ÍSÍ). Nokkrir þjálfarar hjá félaginu sóttu slík námskeið á liðnu starfsári.

Mikilvægasta verkefnið í allri stjórnun og skipulagi félagsins er nýting á þjálfarateymi félagsins. Röðun og skipulag hópa ræðu mestu um afkomu félagsins. Ef vel tekst til þá er reksturinn í finu lagi, en getur farið illa ef ekki er vandað til verka. Þetta er eilíffar verkefni og verið að vinna með margar breytur sem taka þarf tillit til. Ákaflega mikilvægt að röðun í hópa sé gagnsæ og foreldrar og iðkendur skilji vel hvað ráði þar för. Alltof oft hefur ósætti skapast innan félagsins varðandi skipan æfingahópa.

Auk þessara starfsmanna voru um 10 starfsmenn í mislangan tíma við störf hjá félaginu sumarið 2016. Þeir starfsmenn voru ráðnir hjá vinnuskóla Hafnarfjarðar en sinntu verkefnum hjá fimleikafélaginu Björk.


Kröfur umhverfisins til starfsemi

íþróttafélags eins og Björk eykst stöðugt. Vandséð er að hægt verði að mæta þeim kröfum öllum í framtíðinni með æfingagjöldum einum sér. Hafnarfjarðabær verður að koma meira og betur að rekstri íþróttafélaganna ef unnt á að vera að mæta öllum þessum kröfum og halda jafnframt áfram því metnaðarfulla starfi sem þar fer fram. Mikilvægt er að Hafnarfjarðarbær haldi áfram að bæta í þann stuðning sem fyrir er. Því er bagalegt þegar stuðningur með vinnuframlagi í gegnum Vinnuskóla Hafnarfjarðarbæjar er skertur eins og raunin varð í sumar.



Starfssemin

Mjög svipaður fjöldi iðkenda var við æfingar hjá félaginu á síðasta ári eins og undanfarin ár, á milli 800



og 900 iðkendar á hverjum tíma. Skráður fjöldi iðkenda er nálægt því tvöfalt fleirri, eða um 1779 á árinu 2015 og 1749 á árinu 2016. Á myndinni hér til hliðar sést hvernig aldersdreifingin var á árinu 2015. Ekki hefur verið unnt að taka út sambærilegar tölur fyrir árið 2016 vegna galla í Felix. Flestir iðkendar er á aldrinum 6-12 ára og hefur þeim heldur fjölgaða á síðastu árum m.a. vegna mjög góðrar aðsóknar í leik- og forskólahópa. Starfið í þeim hópum er einstaklega gott sem skilar iðkendum áfram inní félagið. Heil mikil áskorun felst í að halda lengur í iðkendum í félaginu. Það er ekki unnt að

fjölga mikið eldri iðkendum í áhaldafimleikum heldur þarf félagið að bjóða uppá aðrar greinar þar sem fleiri komast að.

Það er þó einkum tvennt sem hindrar félagið í að vaxa og fjölga iðkendum enn frekar. Í fyrsta lagi þá vantar þjálfara og er það eitt brýnasta viðfangsefni stjórnar og starfsmanna félagsins að finna hæfa þjálfara til starfa hjá félaginu. Hins vegar þarf að bæta aðstöðuna þannig að unnt sé að taka við fleiri iðkendum á þeim tíma sem flestir vilja æfa.

Önnur starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Félagið hélt áfram að leigja út aðstöðu félagsins fyrir afmæli og aðrar uppákomur. Sú útleiga er mikilvægur hlekkur í tekjuöflun félagsins. Heldur hefur þó dregið úr útleigunni á síðasta ári einkum vegna þess að félagið hefur nýtt sjálft fleiri tíma en áður í litlu Björk. Búið er að bæta bókunarferlið við útleigu. Þór Ólafsson setti upp nýtt bókunarkerfi á heimasíðu félagsins sem hefur reynst ákaflega vel og einfaldað alla vinnu og utanumhald vegna þessa. Er honum þakkað fyrir þá vinnu.

Heimasíða félagsins er nýtt til upplýsingamiðlunar og má örugglega gera enn betur í þeim efnum. Björk er einnig með Facebook síðu sem er notuð til að miðla upplýsingum frá félaginu. Eins eru einstakir hópar með sínar síður til að miðla upplýsingum og fréttum úr starfinu.

Afreksstarf

Áfram hefur verið reynt að hlúa að afreksfólki félagsins án þess að láta það bitna á fjöldanum.

Töluverð umræða hefur verið síðustu misseri um aðstöðu afreksfólks okkar í íþróttum. Fyrir ári síðan var undirritað samkomulag á milli ÍSÍ og ríkisins um að bæta verulega í fjármunum til stuðnings afreksstarfi sérsambandanna. Í kjölfar þess kynni framkvæmdastjórn ÍSÍ nýjar vinnureglur um úthlutun styrkja úr afrekssjóði ÍSÍ. Nýtt fyrirkomulag um úthlutun styrkja og veruleg aukning á fjármunum mun bæta stöðuna all nokkuð.

Enn er það þó þannig að þeir íþróttamenn á vegum félagsins sem valdir voru til að keppa fyrir Ísland hönd erlendis þurftu allir að reiða verulegan hluta ferðakostnaðarins fram úr eigin vasa. Mikilvægt er að því linni svo að fjárhagur iðkenda og/eða foreldra þeirra ráði því ekki hvort að unnt sé að senda okkar best fólk til keppni erlendis eða ekki.

Á vegum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar er afrekssjóður sem er rýr og styður einungis þátttöku í Evrópu- og heimsmeistaramótum. Brýnt er að efla þann sjóð svo hann geti líka sinnt fleiri verkefnum.

Lykillinn að góðu afreksstarfi er samt ávallt gott starf fyrir alla. Án fjöldans og þess ramma sem þeir setja starfinu næst ekki mikill árangur. Upp úr þeim grunni sprettur okkar afreksfólk.



Í desember var valið íþróttafólk Björk á árinu 2016. Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir fimleikakona og Breki Snorrason fimleikamaður voru valin íþróttakona og íþróttamaður fimleikafélagsins Björk árið 2016.

Arnar Freyr Hjartarson var íþróttamaður klifurdeildar og íþróttakona klifurdeildar var Gabriela Einarsdóttir

Íþróttamaður og íþróttakona Taekwondodeildar voru þau Leo Anthony Speight og Hrafnhildur Rafnsdóttir.

Almenningsdeild

Starfssemi almenningsdeildar er ekki umfangsmikil en þó ákaflega mikilvægur til að auka fjölbreytni í félaginu. Sýningardanshópar eru undir leiðsögn Andrea Németh með um 35 iðkendur hafa verið með 8 2 æfingar á viku og gengið mjög vel. 11 stelpur fór til Ungverjalands í vor og tóku þátt í sýningu þar og stóðu sig með mikilli þryði.

Áfram var þeim iðkendum sem lengst eru komnir í öðrum deildum félagsins að bæta við sig tveimur æfingum á viku í svokallaða hreysti tíma. Það eru auka æfingar í styrktar og liðleikþjálfun og hafa m.a. sjúkrapjálfarar komið að þeim æfingum. Auk afreksfólksins eru þetta opnir tímar fyrir aðra sem vilja bæta styrk og liðleika undir handleiðslu.

Huga þarf að því hvort bæta eigi við hópum undir almenningsdeild ræðst það einkum að þeirri aðstöðu sem félagið hefur.

Aðstaðan

Áfram var unnið að endurnýjun á áhöldum og búnaði hjá félaginu á árinu þó enginn stór átök hafi verið gerð. Bætt var við púðum í gryfjurnar í sumar. Ýmis smááhöld keypt en ennþá er verk að vinna við endurnýjun á öllum lendingardýnum sem er nokkuð kostnaðarsamt.

Síðast liðið haust var ákveðið að fjarlægja hluta af áhorfendabekkjum sem lítið voru notaðir og bæta aðstöðu fyrir klifurdeildina. Ekki vanþörf á þar sem iðkendur þar hefur haldið áfram að fjölga og eru að nálgast 100 skráðir iðkendur þar.

Hópfimleikar eru enn hálf hornreka með aðstöðu hjá félaginu og verður það ekki leyst með viðunandi hætti nema að tilkomi enn fleiri tímar í Andrasal. Félagið getur þó ekki tekið að sér mót í Hópfimleikum nema að fá inni hjá Haukum eða FH með slíkt mót. Huga þarf að þessari grein fimleikanna þegar unnið verður að hugmyndum um framtíðaruppbyggingu fyrir félagið.

Mikilvægt er að halda áfram að afla fjár til að bæta aðstöðu og endurnýja áhöld og tæki og fá þannig meiri athygli hjá Hafnarfjarðarbæ að koma að nauðsynlegri endurnýjun.

Það ber að þakka Hafnarfjarðarbæ fyrir það sem gert hefur verið á síðasta ári með hvatningu um að halda áfram á sömu braut.

Fjármálin

Árið 2016 var þökkalegt rekstrarár hjá félaginu eins og fram kemur í reikningum félagsins. Tap var á reglulegri starfssemi sem kemur til vegna breytinga á vinnulagi við að reikningsfæra æfingagjöld. Viðskiptakröfur lækka um nær 7 mkr. á milli ára sem kemur til vegna þessara breytinga. Eingöngu eru tekjufærð þau æfingagjöld sem réttilega á að innheimta. Rekstrartapið var um 2,4 mkr. og heildar tapið losar 3 mkr. að teknu tilliti til fjármagnsgjalda. Sjóðstaðan um áramót var samt sem áður mjög góð eða rétt tæpar 9 mkr. í handbæru fé um áramótin.



2016 er fyrsta rekstarárið sem félagið gerir upp með rekstur íþróttamiðstöðvarinnar inní tölunum. Rekstur íþróttamiðstöðvarinnar var í jafnvægi, þ.e. það framlag sem Hafnarfjarðarbær greiddi fyrir reksturinn dugði fyrir venjulegum rekstri. Kemur það fram í auknum tekjum og jafnframt í hærri launakostnaði.

Þjónustusamningur Hafnarfjarðarbæjar við Björk uppá 10 mkr. kom sér vel á árinu og dróg verulega úr þörf við að hækka æfingagjöld þrátt fyrir umtalsverðar launahækkanir á árinu. Athygli vekur auknar tekjur vegna lottó og getrauna á árinu.

Að lokum

Rekstur félagsins gekk vel á árinu. Enginn stór verkefni að þessu sinni en íþróttalegur árangur félagsins hefur sjaldan verið jafn góður og á liðnu ári.

28. ágúst 2017

Ingvar Kristinsson, formaður